

Samkvæmt þessum málsúrslitum verður að dæma Friðjón Skarphéðins-son lögreglustjóra til greiðslu málskostnaðar, sem ákveðst eftir atvikum kr. 300.00 til handa sækjanda.

Meðstefndi Kristján Kristjánsson verður ekki dæmdur til málskostnaðargreiðslu, þar eð hann hefur ekkert forræði sakarefnis, þótt stefnt hafi verið til þess að heimild hans til bifreiðaeinkennisins A 2 yrði hnekkt, en slíkt er vissulega bein afleiðing niðurstöðu þeirrar, er að ofan greinir. — Heldur ekki verður Kristjáni Kristjánssyni tildæmdur málskostnaður, sem hann hefur krafizt, þar eð vissulega má telja eðlilegt, að honum væri stefnt til gæzlu hagsmuna sinna, sem hann hlýtur að telja einhverja vera samkvæmt því, sem hann hefur til mála lagt. Málskostnaður fellur því að öðru leyti niður í málinu.

Dráttur á uppkvaðningu dómsins stafar af annriki dómarans við ýmis aðkallandi störf við atvinnu hans.

Dómsorð:

Lögreglustjóranum á Akureyri, Friðjóni Skarphéðinssyni, ber að færa hina umræddu Dixie Flyer bifreið Óskars S. Sigurgeirssonar inn á bifreiðaskrá embættisins af nýju undir hennar fyrri skrásetningarmerki, A 2, enda skal Kristjáni Kristjánssyni þar með óheimil notkun téðs merkis (númers).

Lögreglustjórinn greiði Óskari S. Sigurgeirssyni 300 krónur í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. marz 1953.

Nr. 92/1952. **Pétur & Valdimar h/f** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

**Stefáni Rósantssyni og Hrossasölusambandi
Skagfirðinga og Húnvetninga**
(Ragnar Jónsson).

Dómendur:

Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Jóhannesson.

Skaðabótamál. Ágreiningsatkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. maí 1952, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júní 1952 og

gerir þær dómkröfur, að stefnda Hrossasölusambandi Skagfirðinga og Húnvetninga verði dæmt að greiða honum kr. 2689.50, þar af kr. 1837.00 in solidum með stefnda Stefáni Rósantssyni, ásamt 6% ársvöxtum frá 25. ágúst 1951 til greiðsludags. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi beggja hinna stefndu in solidum.

Hinir stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

I

Um kröfur stefnda Stefáns Rósantssonar á hendur áfrýjanda.

Bifreiðarstjórinn á A 407 veitti hrossastóðinu, sem kom á brokki á móti honum eftir veginum, svo seint athygli, að honum var ekki unnt að afstýra árekstri. Verður að meta honum þetta til aðgæzluskorts, og getur það ekki leyst hann undan sök, að dimmt var og mishæðótt á slysstað. Samkvæmt þessu og þar sem stefndi Stefán ber enga ábyrgð á hegðun rekstrarmanna, ber að taka til greina kröfu hans á hendur áfrýjanda og staðfesta ákvæði héraðsdóms, að því áfrýjanda og stefnda Stefán varðar. Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda Stefáni málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1500.00.

II

Um kröfur áfrýjanda á hendur stefnda Hrossasölusambandi Skagfirðinga og Húnvetninga.

Svo sem áður segir, átti bílstjórinn á A 407 mikla sök á því, að árekstur varð milli bifreiðarinnar og hrossastóðsins. En hins vegar sýndu rekstrarmenn ekki þá varkárni, sem af þeim verður að krefjast. Þeir ráku stóðhrossin í myrkri eftir þjóðveginum í námunda við Akureyri, þar sem gera mátti ráð fyrir töluverðri umferð, án þess að þeir viðhefðu þær varúðarráðstafanir að láta ríðandi mann fara fyrir hrossunum og vara vegfarendur við hættunni. Verður því að dæma hið stefnda hrossasölusamband, sem ábyrgð ber á rekstrarmönnum, til að greiða áfrýjanda $\frac{1}{4}$ hluta tjóns þess, er varð á

bifreið hans. Reikningur áfrýjanda er greindur í héraðsdómi. Ágreiningslaust er, að kostnaður af viðgerð á bifreiðinni og flutningi hennar til viðgerðar nam kr. 3879.00. Bætur fyrir afnotamissi bifreiðarinnar í 14 daga þykja, eins og notkun hennar var háttað, hæfilega ákveðnar kr. 840.00. Samtals nema fjárhæðir þessar kr. 4719.00. Ber stefnda Hrossasölusambandi Skagfirðinga og Húnvetninga því að greiða áfrýjanda $\frac{1}{4}$ af kr. 4719.00 eða kr. 1179.75 með 6% ársvöxtum frá 25. ágúst 1951 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1200.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar áfrýjanda, Pétur & Valdimar h/f, og stefnda Stefán Rósantsson, og greiði áfrýjandi stefnda Stefáni kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Hrossasölusamband Skagfirðinga og Húnvetninga greiði áfrýjanda, Pétri & Valdimar h/f, kr. 1179.75 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. ágúst 1951 til greiðsludags og kr. 1200.00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Þórðar Eyjólfssonar hrd.

Ég er samþykkur forsendum og niðurstöðu í dómsatkvæði meiri hluta dómenda um skaðabótageiðslu áfrýjanda til stefnda Stefáns Rósantssonar.

Hins vegar hef ég sérstöðu, að því er tekur til skaðabótakröfu áfrýjanda á hendur stefnda Hrossasölusambandi Skagfirðinga og Húnvetninga.

Rekstrarmönnum var heimilt að reka hrossin eftir þjóðveginum, þar sem slysið varð, sbr. 1. mgr. 12. gr. umferðarlaga nr. 24/1941. Hrossin voru rekin á hægri ferð, og er ekki fram komið í málinu, að rekstrarmenn hafi hagað rekstrinum með öðrum hætti en venjulegt er af vönunum og gætnum rekstrarmönnum. Verður ekki séð, að þeir hafi um tilhögun rekstrarins brotið neinar reglur eða venjur um umferð né að orsakir

slyssins verði raktar til óvarkárni af þeirra hálfu. Það var aftur á móti mikil óaðgæzla af bifreiðarstjóranum, sem ók bifreiðinni A 407, að veita ekki athygli því, sem á móti honum kom á veginum, fyrr en svo seint, að honum vannst ekki tími til að stöðva bifreiðina og aftra slysi. Tel ég því ekki rétt, að stefnda Hrossaræktarsambandi Skagfirðinga og Húnvetninga verði gert að greiða áfrýjanda að neinu leyti bætur fyrir spjöll þau, er urðu á bifreið hans.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 hvorum.

Dómsorð mitt verður þannig:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Pétur & Valdimar h/f, greiði stefndu, Stefáni Rósantssyni og Hrossasölusambandi Skagfirðinga og Húnvetninga, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 hvorum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 14. des. 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., hefur aðalstefnandi, Stefán Rósantsson, bóndi að Gilhaga í Skagafirði, höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefinni 26. apríl s.l. gegn aðalstefndu, Pétri & Valdimar h/f, Arnarneshreppi í Eyjafjarðarsýslu, til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 1650.00 auk 6% ársvaxta frá 30. október 1950 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Í greinargerð hefur stefnandi óskað eftir að mega hækka kröfuna um kr. 55.00, og hefur gagnaðili samþykkt það, svo að aðalstefnukrafan er nú kr. 1705.00, en það telur hann vera andvirði hestsins, að frádregnu andvirði afurða hans. Aðalstefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir reikningi eða mati dómarans.

Með gagnstefnu, útgefinni 18. maí s.l., gerir aðalstefndi gagnkröfu á hendur aðalstefnanda að upphæð kr. 5379.00. Kröfuna sundurliðar hann þannig:

- | | |
|--|-------------|
| 1. Viðgerðarkostnaður á bifreið eftir reikningi | kr. 3749.00 |
| 2. Skaðabætur fyrir að missa afnot bifreiðar í 14 daga | — 1500.00 |
| 3. Flutningur á bifreið til viðgerðar o. fl. | — 130.00 |

Samtals kr. 5379.00.

Ennfremur er krafizt 6% ársvaxta af upphæðinni frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar eftir reikningi eða mati dómsins. Krafizt var og, að sökin væri sameinuð aðalsök.

Loks hefur hinn upphaflegi aðalstefndi þessa máls höfðað mál gegn

Hrossasölusambandi Skagfirðinga og Húnvetninga og gert sömu kröfur á hendur því og hann hefur gert í gagnsökinni á hendur aðalstefnanda. Krafa þessi er gerð á þeim forsendum, að stefndi beri óskipta ábyrgð með gagnstefnda á tjóni því, er stefnendur hafa beðið. Þar sem mál þetta var höfðað út af sama réttarsambandi og annar aðilinn er sá sami og í upphaflega málinu, ákvað dómariinn að sameina þessi mál samkvæmt 117. gr. laga nr. 85, 1936 með samþykki umboðsmanna aðilja og verða þau því dæmd saman. Þegar búið var að sameina málin, krafðist aðalstefndi upphaflega málsins, að Stefán Rósantsson og Hrossasölusambandið yrðu dæmd til greiðslu kröfunnar með óskiptri ábyrgð. Allir aðiljar málsins hafa gert þá varakröfu, að ábyrgðinni verði skipt eftir sök hvers þeirra.

Tildrög málsins eru þau, er nú skal greina: Mánudaginn 30. október 1950 var vörubifreiðinni A 407, eign aðalstefndu, ekið frá Akureyri eftir þjóðveginum út Kræklingahlíð áleiðis að Hallgilsstöðum í Arnarneshreppi. Bifreiðinni stýrði Eggert Jónsson frá Hallgilsstöðum, en með honum í bifreiðinni var faðir hans, Jón Melsteð, bóndi að Hallgilsstöðum. Á palli bifreiðarinnar voru 2 tonn af lausum kolum. Þegar bifreiðin var komin á móts við Steinakot í Kræklingahlíð, kom eftir veginum á móti henni hrossarekstur, sem í voru 18—20 hross, sem verið var að reka frá Silastöðum í Kræklingahlíð til Akureyrar, og munu það allt hafa verið stóðhross til slátrunar, að einum hesti undanteknum, það er hesti þeim, sem mál þetta er risið út af, og var allt stóðið eign Hrossasölusambands Skagfirðinga og Húnvetninga, að 2 tryppum undanteknum. Hestur aðalstefnanda virðist hafa farið fyrir hópnum eða a. m. k. verið meðal fremstu hestanna. Þegar hrossahópurinn og bifreiðin A 407 mættust, lenti bifreiðin á sumum hrossanna og slösuðust 2 þeirra svo, að lögreglan skaut þau á staðnum, eftir að henni hafði verið gert aðvart um áreksturinn. Auk þeirra hrossa, sem slátrað var á staðnum, er vitað um að minnsta kosti eitt hross, sem lenti á bifreiðinni, því það festist svo í henni, að losa varð það úr bifreiðinni. Annað þeirra hrossa, sem lógað var á staðnum, var reiðhestur aðalstefnanda, sem að framan er greindur. Hrossahópin ráku þrír menn, starfsmenn Hrossasölusambands Skagfirðinga og Húnvetninga. Nokkru áður höfðu sömu menn komið með stóran hrossarekstur vestan yfir Öxnadalshéið til Silastaða, og höfðu hrossin þá verið sett þar í girðingu og voru hross þau, er hér um ræðir, úr þeim rekstri. Þá var aðalstefnandi meðal rekstrarmannanna og hafði hann þá skilið margnefndan reiðhest sinn eftir á Silastöðum. Þegar farið var að sækja slátruhrossin að Silastöðum greindan dag, bað aðalstefnandi rekstrarmennina að koma með reiðhest sinn um leið til Akureyrar, vegna þess að hann ætlaði að riða til Skagafjarðar daginn eftir. Fulldimmt var af nóttu og auð jörð, þegar slysið bar að.

Við skoðun dýralæknis á skrokknum af hesti aðalstefnanda kom í ljós, að opið þverbrot var á öðrum framfæti og allir vöðvar á samsíða læri blóðhlaupnir og blæðingar í bandveg djúpt inn á milli vöðvanna. Einnig voru blæðingar inn á rifjahylki.

Bifreiðastjórinn á A 407 hefur skýrt þannig nánar frá atvikum að

slysinu: Hann hafði ekið með venjulegum ljósum alla leið frá Akureyri, en skömmu fyrir slysið setti hann á lægri ljósin, meðan hann mætti bifreið. Hann kvaðst síðan hafa ekið dálítinn spöl með lægri ljósunum eftir að hafa mætt bifreiðinni, á að gizka 30—40 metra. Hann hækkaði síðan ljósin og sá þá hrossahópinn, sem þá var kominn inn á ljóssvið bifreiðarinnar. Jafnframt hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi verið að keyra niður halla niður í slakka, sem var þar á veginum, þegar hann mætti bifreiðinni, en þegar hún hafi farið að vísa upp á við, hafi hann séð hrossin. Einnig hefur hann sagt, að vafasamt væri, að hann hefði séð hestana fyrr, þótt hann hefði haft hærri ljósin á, sökum þess að þau hefðu þá lýst niður í kvosina. Þá hefur bifreiðastjórinn skýrt frá því, að hann hefði í ferð þessari ekið á 40—50 km hraða á klst. Þegar hann sá hrossahópinn, sem hann sagði að hefði farið þétt á veginum á hröðu brokki, hemlaði hann eins og hægt var og sagði, að bifreiðin hefði verið alveg að stöðvast, þegar áreksturinn varð eða á um 2 km hraða á að gizka. Hann kvað hemlana hafa virkað vel, en þar sem hestarnir hafi verið á allmikilli ferð, hafi honum ekki tekizt að forða árekstri. Jón Melstað hefur borið, að strax og þeir hafi komið auga á hestana, hafi bifreiðarstjórinn hemlað eins skyndilega og hægt var og svo hafi mátt heita, að bifreiðin snarstöðvaðist og fullyrðir, að bifreiðin hafi verið svo að segja alveg stöðvuð, þegar áreksturinn varð. Einnig sagði hann, að hestarnir hefðu verið á hröðu brokki og hefði hópurnir alveg náð þvert yfir veginn. Þá hefur hann sagt, að þegar þeir hafi veitt hestunum athygli, hafi þeir verið mjög skammt undan og áður hafi borið hæð á milli. Honum fannst áreksturinn mjög harður og hafi honum fundizt sem bíllinn færðist aftur á bak. Vitni þetta er hluthafi og stjórnarnefndarmaður í fyrirtæki aðalstefnda. Einnig er bifreiðarstjórinn á A 407 hluthafi í sama fyrirtæki.

Rekstrarmenn hrossanna voru þrír, eins og áður greinir, og hafa þeir allir verið leiddir sem vitni í málinu. Þeim hefur yfirleitt borið saman í vitnisburðum sínum innbyrðis, en vitnisburðum þeirra og bifreiðarstjórans og Jóns Melstað hins vegar ber nokkuð á milli. Þeir hafa skýrt frá því, að þeir hafi allir verið á eftir lausu hrossunum. Þá hafa þeir sagt, að þeir hafi ekki reynt að víkja hrossunum út af veginum, þegar þeir sáu til bifreiðarinnar A 407 og tóku fram, að hefði það verið reynt, hefði það orðið til þess að herða á hrossunum, enda hefði ekkert ráðrúm verið til þess. Eitt vitnið fullyrti, að þótt maður hefði verið á undan hrossunum, þá hefði hann ekki haft neitt ráðrúm til að víkja þeim út af veginum. Þá hafa öll þessi vitni borið, að þau hafi ekki haft neitt ljós til að vekja á sér athygli og kom fram hjá þeim, að þau vissu ekki til, að slíkt tíðkaðist í slíkum tilfellum. Öll hafa vitni þessi borið, að hrossin hafi ekki farið hart og að þau hafi verið á skokkferð eða hóftölti, en jafnframt hafa þau borið, að þau hafi dregizt dálítið aftur úr rekstrinum um þetta leyti, vegna þess að bifreið var nýfarin fram úr þeim og gerðu þeir það til að draga úr ferð rekstrarhrossanna. Bifreið þessi mun hafa verið sú sama og A 407 mætti rétt fyrir áreksturinn.

Loks hafa öll vitni þessi borið, að þau hafi séð til bifreiðarinnar A 407 skammri stund fyrir áreksturinn og hafi þeim virzt hraðinn á henni vera nokkuð mikill, og tvö þeirra hafa borið, að þau hafi ekki orðið þess áskynja, að hægt væri á ferðinni síðast fyrir áreksturinn. Eftir ágizkan vitnanna voru þau í um 100 eða á annað hundrað metra fjarlægð, þegar áreksturinn varð.

Aðalstefnandi hefur byggt kröfu sína fyrst og fremst á ábyrgðarreglu 34. gr. bifreiðalaganna. Ennfremur hefur hann haldið því fram, að bifreiðarstjórinn á A 407 hafi brotið ýms ákvæði bifreiðalaganna, svo sem 26. gr., með því að aka ógætilega hratt, 27. gr., með því að hafa ekki nægilega aðgæzlu á umferðinni, og 28. gr., með því að víkja ekki nægilega vel til vinstri á veginum og hefur þar um skírskotað til vitnisburðar rekstrar-mannanna og loks, að bifreiðarstjórinn hafi ekið 30—40 m með lægri ljósin. Hins vegar hefur hann staðhæft, að engin sök væri hjá rekstrar-mönnunum og hefur sérstaklega lagt áherzlu á, að þetta hafi ekki verið í bæ eða öðru þéttbýli og hafi þeim því samkvæmt umferðalögum verið heimilt að reka lausa hesta á þessum stað.

Aðalstefndi hefur einkum byggt sýknukröfu sína á því, að rekstrar-mennirnir hafi brotið 12. gr. umferðalaganna, með því að reka laus hross á vegi í þéttbyggðri sveit skammt frá kaupstað og í myrkri. Einnig hefur hann haldið því fram, að rekstrarmönnunum hafi borið að hafa mann á undan rekstrinum, til að víkja hrossunum út af veginum, ef með þyrfti og að þeim hafi jafnvel borið að hafa ljós til að vekja á sér athygli. Þá hefur hann mótmælt því, að bifreiðarstjórinn hafi brotið í bág við nein ákvæði bifreiðalaga með akstri sínum í þetta sinn. Einnig hefur hann mótmælt því með skírskotun til framburðar bifreiðarstjórans, að það geti haft neina þýðingu, að hann hækkaði ljósin ekki alveg strax eftir að hann mætti bifreiðinni, enda hafi þetta verið aðeins örstutt stund.

Dómarinn lítur svo á, að með því að reka laus hross eftir þjóðvegi á stað þeim, er áreksturinn varð á, hafi rekstrarmennirnir ekki brotið í bág við 12. gr. umferðarlaganna nr. 24 frá 1941. Ekki verður heldur talið, að rekstrarmennirnir hafi brotið neina skyldu eða venju, með því að hafa ekki mann á undan rekstrinum eða að hafa ekki ljós. Þá verður að telja, að ekki sé sannað, að rekstrarmennirnir hafi haft ráðrúm til að víkja hrossunum til hliðar á veginum eða út af honum, samanber fram-burð þeirra. Samkvæmt sömu vitnisburðum er ekki sannað, að hrossin hafi verið á meiri hraða en skokkferð eða hóftölti né að þau hafi fælt fyrir áreksturinn. Þegar þess er gætt, er nú var rakið, og þegar jafnframt er gætt hinnar ströngu sönnunarreglu 34. gr. bifreiðalaganna, þykir aðal-stefndi eiga að bæta aðalstefnanda tjón hans og þykir með skírskotun til framanritaðs ekki vera grundvöllur fyrir skiptingu ábyrgðarinnar. Upp-hæð bótakröfu aðalstefnanda hefur ekki verið mótmælt og ber því að dæma aðalstefnda til að greiða hana að fullu ásamt vöxtum frá útgáfu stefnu til greiðsludags og kr. 600.00 upp í málskostnað.

Með skírskotun til framanritaðs ber að sýkna gagnstefnda og Hrossa-

sölusamband Skagfirðinga og Húnvetninga af öllum kröfum Péturs og Valdimars h/f. Málskostnaður í þeim sökum falli niður.

Dóminn kvað upp Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógeta á Akureyri.

Dómsorð:

Í aðalsök: Aðalstefndi, Pétur & Valdimar h/f, greiði aðalstefnanda, Stefáni Rósantssyni, kr. 1705.00 auk 6% ársvaxta frá 30. apríl s.l. til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Í gagnsök og sök gagnstefnanda gegn Hrossasölusambandi Skagfirðinga og Húnvetninga:

Gagnstefndi og Hrossasölusamband Skagfirðinga og Húnvetninga eiga að vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda. Málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 6. marz 1953.

Nr. 64/1952.

Hreinn Sigtryggsson (Ragnar Jónsson)

gegn

Aðalbörgu, Herðísi og Jakobínu Jakobsdætrum (Ragnar Ólafsson)

og gagnsök.

Dómendur:

Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Jóhannesson.

Sýkna af kröfu um ábúðarrétt til lífstíðar og um kauprétt á jörð.

Dómur Hæstaréttar.

Júlíus Havsteen, sýslumaður Þingeyjarsýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. apríl 1952. Hann gerir þessar dómkröfur:

1. Að honum verði dæmdur ábúðarréttur til lífstíðar á jörðinni Brettingsstöðum í Reykdælahreppi.